Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
03. maí 2017
Málsnr. 2016-10-0047
Frumrit - skilist til skjalasafns

Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 26. apríl 2017

*Tilvísun: 201704029* / 3.2

**Efni: Lýsing - Naustahvilft Skutulsfirði, útivistarsvæði og gönguleið**

Ísafjarðarbær hefur, með tölvupósti dags. 11. apríl 2017, óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu aðalskipulags, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og deiliskipulags, sbr. 1. mgr. 40 gr. sömu laga. Lýsingin er dagsett 25. janúar 2016.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að breyta óbyggðu svæði í opið svæði til sérstakra nota í og við Naustahvilft í Skutulsfirði. Markmiðið er að bæta aðstæður til útivistar, skilgreina gönguleið og vernda gróður fyrir átroðningi. Fyrirliggur umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsinguna, dags. 21. apríl 2017, þar sem kallað er eftir því að fornleifum verði varpað inn á tillögu að deiliskipulagi og hún borin undir Minjastofnun á ný.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu skipulagsverkefnisins en bendir á eftirfarandi:

Innsend lýsing er með annarri dagsetningu en lýsing sem auglýst er á vef Ísafjarðarbæjar og er dags. 22. mars 2017. Efnislega er þó um að ræða sömu lýsingu. Í auglýsingu Ísafjarðarbæjar er slegið saman annars vegar kynningu á lýsingu og hins vegar kynningu á skipulagstillögu á vinnslustigi. Tilvísunum í kynningu á vinnslutillögu í texta auglýsingar er ofaukið enda vísar tengillinn í auglýsingunni aðeins á framangreinda lýsingu en ekki vinnslutillögu. Kynna þarf vinnslutillögu í samræmi við ferli málsins eins og það er áformað samkvæmt lýsingu. Almennt er mælt með að yfirskrift auglýsinga endurspegli hvar málið er statt í ferlinu þannig að skýrt komi fram hvort um sé að ræða lýsingu vegna skipulagsverkefnis, tillögu á vinnslustigi eða tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Birna Björk Árnadóttir